STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2001

Nr. 942 2796 5. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Ennfremur er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, samkvæmt lögum nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996 og lög nr. 95/2001 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.600
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 7.000

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni samkvæmt eftirlitsáætlun. Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í viðauka ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem tekur þátt í umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ISO 14001 og sbr. reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB (EMAS). Þá er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Sé atvinnurekstur starfræktur í a.m.k. fjögur ár í röð og hafi heilbrigðisfulltrúi ekki gert athugasemdir í eftirliti er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar eftirlitsgjald þá sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	1,5 tímagjald

Tóbakssöluleyfi og önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Leyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	1,5 tímagjald

Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir 1 tímagjald

4. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. og 18. gr. tóbaksvarnalaga sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld sem hér segir:

Fyrir hverja eftirlitsferð	2 tímagjöld

5. gr.

Gjald skv. 3. gr. og 4. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

6. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. október og eindagi 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og sett af sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis með heimild í 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 74/1984 með síðari breytingum og samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999, og að fenginni umsögn hollustuháttaráðs og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 716/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Mosfellsbæ, 5. desember 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,25	4.550
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	12.600
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	33.600
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	1	50.400
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	64.400
63.23.0.1	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	1	49.000
52.31.0.0	Apótek	0,5	18.900
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,5	10.500
52.25.0.0	Áfengisverslun	1	18.200
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	7.700
93.02.0.3	Baðhús	0,5	7.700
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	26.600
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	43.400
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	72.800
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvæla	2	53.200
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	2	53.200
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	3	86.800
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	21.000
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	3.150
60.22.0.1	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	3.150
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	11.900
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	13.300
50.20.0.6	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	14.700
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	7.700
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	9.100

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	10.500
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,5	9.100
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	14.700
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	13.300
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	21.700
50.30.0.3	Bílapartasölur	0,5	16.100
15.96.0.0	Bjórgerð	1	37.800
28.52.0.1	Blikksmíði	0,5	7.700
50.20.0.10	Bón og bílaþvottur, handvirk	0,5	7.700
50.20.0.9	Bón og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	13.300
55.30.1.8	Brauðstofur	1	43.400
15.81.0.1	Brauðverksmiðjur	2	78.400
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	18.900
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	1	43.400
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	7.700
55.23.0.1	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	0,5	16.100
85.32.1.1	Dagmæður með > 6 börn	0,25	4.550
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	3.850
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	0,5	14.700
85.11.1.2	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	37.800
85.11.1.3	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	50.400
15.12.1.0	Dreifingarstöð fyrir alifugla	1	26.600
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	0,5	9.100
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	29.400
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	42.000
85.31.3.1	Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	1	32.200
85.31.3.0	Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	0,5	9.100
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	3.850
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	9.100
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	11.900
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	9.100
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	9.100
85.11.3.4	Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stór	3	68.600
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	0,5	14.700
75.23.0.1	Fangelsi, lítið	1	21.000
75.23.0.2	Fangelsi, miðlungs	1	26.600
75.23.0.3	Fangelsi, stórt	1	32.200
55.21.0.1	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25	4.550
55.21.0.2	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	4.550
85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	30.800
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	21.000
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	9.100
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	25.200
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	35.000
52.23.0.6	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	37.800
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	32.200
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	35.000
52.23.0.3	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	2	56.000
15.20.7.2	Fiskmjölsvinnsla	2	53.200
15.42.0.1	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1	23.800
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	9.100
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	11.900
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	9.100

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	10.500
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	32.200
15.61.0.2	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	46.200
26.11.0.0	Framleiðsla á glerplötum	0,5	9.100
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	36.400
15.31.0.3	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	30.800
20.20.0.0	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	0,5	9.100
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	23.800
15.41.0.2	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	2	47.600
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti	1	18.200
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	15.400
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	37.800
15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1	18.200
26.13.0.0	Framleiðsla glerláta	0,5	8.400
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	1	32.200
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	44.800
15.98.0.3	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	1	53.200
15.42.0.0	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1	23.800
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	1	18.200
15.88.0.0	Framleiðsla mjólkurdufts	1	44.800
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	10.500
21.22.0.0	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	0,25	4.550
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	0,5	11.900
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttöku-eldhúsi	2	36.400
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	0,5	11.900
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með full-búnu eldhúsi	2	54.600
80.22.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	2	36.400
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	2	74.200
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	0,5	11.900
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	2	36.400
20.10.0.1	Fúavörn á viði	0,5	10.500
63.12.0.4	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,5	11.900
24.20.0.1	Garðaúðun	1	18.200
63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	1	21.000
63.12.0.6	Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	1	26.600
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,25	4.550
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	10.500
80.10.0.1	Grunnskólar án mötuneytis	0,5	11.900
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	2	36.400
80.10.0.4	Grunnskóli rekinn í tvemur aðskildum byggingum með fullbúnu eldhúsi	3	78.400
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	1	26.600
52.49.1.0	Gæludýraverslun	0,25	3.850
85.32.2.3	Gæsluvellir	0,5	9.100
15.20.5.0	Harðfiskverkun	1	18.200
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	9.100
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	7.700

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	27.300
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	21.000
51.31.0.2	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	26.600
51.31.0.3	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	42.000
51.55.0.1	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	0,5	27.300
51.45.0.0	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	0,5	27.300
51.45.0.1	Heildverslun með snyrtivöru	0,5	27.300
51.36.0.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	1	29.400
51.39.0.1	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	0,5	9.100
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	26.600
51.39.0.3	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	39.200
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	9.100
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga	0,5	7.700
85.31.4.2	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	1	15.400
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	1	18.200
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi	0,5	9.100
15.20.4.1	Heitloftsþurrkun fiskafurða	1	26.600
92.62.0.1	Hestahald	0,25	3.150
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið	1	23.800
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs	1	32.200
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt	2	78.400
55.12.0.1	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	0,5	9.100
55.12.0.2	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	0,5	10.500
55.12.0.3	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	0,5	13.300
24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur	1	60.200
01.42.0.1	Hundahótel	0,5	7.700
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	23.800
85.14.9.5	Húðgötun	1	23.800
36.12.0.1	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5	9.100
15.52.0.0	Ísgerð	2	109.200
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	9.100
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	11.900
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	29.400
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	3.850
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	18.900
55.40.0.0	Kaffihús, smurt brauð	1	18.200
15.42.0.3	Kaldhreinsun lýsis	1	23.800
01.25.9.0	Kanínurækt	1	26.600
15.31.0.1	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	30.800
15.31.0.2	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	2	54.600
15.31.0.0	Kartöfluvinnsla - pökkun	1	18.200
01.42.0.2	Kattahótel	0,5	7.700
15.82.0.1	Kexverksmiðjur	2	77.000
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	3.850
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	3.850
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	92.400
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	2	78.400
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	114.800
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	180.600
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	2	56.000
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs	2	92.400
15.13.0.3	Kjötvinnsla, stór	3	147.000
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	18.200
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	29.400
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1	18.200

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	33.600
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	42.000
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	11.900
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur	0,5	11.900
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,5	16.100
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	18.200
15.82.0.3	Kökugerð, miðlungs	1	28.000
15.82.0.4	Kökugerð, stór	1	33.600
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	30.800
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	1	46.200
15.20.8.2	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	2	96.600
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	0,25	6.650
15.33.0.3	Lauksteikingarverksmiðjur	1	23.800
19.10.0.1	Leðurvinnsla og sútun	2	81.200
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	3.850
92.31.0.3	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	29.400
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	11.900
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúið eldhús	2	49.000
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	23.800
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	0,5	53.200
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	2	81.200
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	7.700
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	22.400
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	18.200
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	32.200
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	21.000
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	37.800
93.03.0.1	Líkbrennslur	0,25	3.850
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	9.100
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	40.600
24.42.0.0	Lyfjagerð	0,5	21.700
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,5	11.900
85.12.2.1	Læknastofur	0,5	9.100
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	5.950
52.62.0.2	Markaðir, litlir	0,5	9.100
52.62.0.1	Markaðir, miðlungs	1	23.800
52.62.0.0	Markaðir, stórir	2	53.200
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	26.600
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	39.200
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	50.400
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	18.200
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	21.000
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	26.600
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	2	60.200
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	33.600
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	2	67.200
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	79.800
27.50.0.1	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5	16.100
24.30.0.1	Málningarverksmiðjur	1	60.200
52.46.2.1	Málningavöruverslanir	0,5	18.900
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	0,5	11.900
15.51.0.1	Mjólkurbú	2	123.200
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	3	180.600
15.20.7.1	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	2	53.200

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	9.100
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	2	75.600
15.42.0.2	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1	23.800
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	23.800
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	32.200
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	39.200
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	1	16.800
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	23.800
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	29.400
14.50.0.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	1	23.800
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	0,25	5.950
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	7.700
22.22.1.0	Offsett- og hæðarprentun	1	21.000
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	0,5	21.700
15.51.0.2	Ostagerð	2	95.200
21.21.0.1	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	1	18.200
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	29.400
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	10.500
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	13.300
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	37.800
22.24.0.0	Prentsmið	0,5	10.500
22.21.0.0	Prentun dagblaða	1	43.400
31.40.0.1	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,5	10.500
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,5	9.100
85.14.3.0	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,25	3.850
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	1	18.200
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	9.100
85.14.3.1	Röntgenstofur	0,5	7.700
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	21.000
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	28.000
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	60.200
52.49.9.4	Sala eiturefna	1	54.600
15.33.0.2	Salatgerð	1	40.600
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	18.200
14.40.0.0	Saltvinnsla	1	23.800
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	3.850
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1	29.400
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	11.900
22.22.2.0	Sáldprentun	1	21.000
05.02.1.3	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	5.950
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	13.300
05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1	26.600
85.11.2.0	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	0,5	11.900
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	9.100
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	9.100
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	30.800
92.61.0.9	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	5.250
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	3.850
85.32.3.2	Skóladagheimili, fullbúið eldhús	1	28.000
85.32.3.2	Skóladagheimili, móttökueldhús	1	15.400
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	1	19.600
28.74.0.1	Skrúfuframleiðsla	1	15.400
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,5	8.400
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	37.800

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
55.30.1.5	Skyndibitastaðir, miðlungs	1	43.400
55.30.1.6	Skyndibitastaðir, stórir	1	56.000
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	32.200
15.11.0.2	Sláturhús > 50 t/dag	2	64.400
52.24.0.1	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	16.800
52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	33.600
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	36.400
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5	21.700
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	20.300
15.43.0.0	Smjörlíkisgerð	1	30.800
50.20.0.12	Smurstöðvar	1	18.200
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	7.700
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	1	21.000
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, stór	1	49.000
52.33.0.1	Snyrtivöruverslun	0,5	18.900
90.00.0.8	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	6	159.600
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	23.800
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	1	18.200
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	25.200
40.10.0.2	Spennaviðgerðir	1	23.800
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	7.350
35.11.0.1	Stálsmíði og stálskipagerð	0,5	14.700
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	0,5	10.500
26.70.0.0	Steinsmíði, lítil	0,5	9.100
26.70.0.1	Steinsmíði, stór	1	26.600
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	1	18.200
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	2	61.600
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	3	92.400
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	40.600
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	1	30.800
92.61.0.7	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð	4	86.800
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	2	43.400
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	3	68.600
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	4	93.800
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	42.000
01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	33.600
01.23.0.2	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	50.400
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	15.400
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	15.400
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	32.200
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	35.000
85.13.1.1	Tannlæknastofur	1	12.600
85.13.2.0	Tannsmíðar	0,5	6.300
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	15.400
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	9.100
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	11.900
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	1	23.800
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,5	9.100
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	9.100
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	10.500
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	1	79.800
52.49.9.2	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5	20.300
41.00.0.6	Vatnsveitur < 151 íbúa	1	22.400
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa	3	99.400
41.00.0.6	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	22.400

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa	4	142.800
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	43.400
41.00.0.7	Vatnsveitur, einka	0,5	14.700
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1	26.600
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur	0,5	20.300
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	1	15.400
35.11.0.2	Viðhald og niðurrif skipa	1	21.000
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	1	21.000
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	21.000
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	43.400
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	1	16.800
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	9.100
28.73.0.1	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	1	15.400
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	32.200
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	1	18.200
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	1	26.600
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	32.200
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	3.850
93.01.0.1	Þvottahús	0,25	3.850
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	9.100
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	4.550
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	4.550
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	4.550
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	1	18.200
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	33.600

10. desember 2001 Nr. 943

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Norðurlandi vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.760
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.200
Gjald vegna vottorða s.s. tóbakssöluleyfi	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með sviputum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.